

REGLUGERÐ

um hönnun olíuflutningaskipa.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að innleiða áætlun um að flýta beitingu krafanna um tvöfaldan byrðing eða samsvarandi hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi sem kveðið er á um í alþjóðasamningi frá 1973, um varnir gegn mengun sjávar frá skipum, ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

2. gr.

Innleiðing.

- a. Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 frá 18. febrúar 2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94, sem vísað er til í 56m í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2002 frá 27. september 2002 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 var birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 8. nóvember 2003, bls. 247 og verður hluti af reglugerð þessari.
- b. Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1726/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 417/2002 frá 18. febrúar 2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi, sem vísað er til í 56m í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2004 frá 8. júní 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1726/2003 var birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9 frá 22. febrúar 2007, bls. 58 og verður hluti af reglugerð þessari.
- c. Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2172/2004 frá 17. desember 2004 um breytingu á reglugerð nr. 417/2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi, sem vísað er til í 56m í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2005 frá 29. apríl 2005 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2172/2004 frá 17. desember 2004 var birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 22 frá 24. apríl 2008, bls. 348 og verður hluti af reglugerð þessari.

- d. Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 457/2007 frá 25. apríl 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 417/2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi, sem vísað er til í 56m XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari og verður hluti af henni.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. mgr. 3. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 310/2003, um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um hönnun olíuflutningaskipa, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 21. nóvember 2008.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 457/2007**

frá 25. apríl 2007

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 417/2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

- 2) Í reglugerð (EB) nr. 417/2002 voru innleiddar ráðstafanir þar sem lagt var bann við flutningi á þungum olíum í olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi á leið til eða frá höfnum Evrópusambandsins.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

- 3) Í kjölfar aðgerða aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) hefur þetta bann verið lagt á um allan heim með því að breyta I. viðauka MARPOL-samningsins frá '73/'78.

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,að höfðu samráði við svæðanefndina, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

- 4) Í 5., 6. og 7. lið í reglu 13H í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 um bann við flutningi á þungum olíum í olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi er kveðið á um möguleika á undanþágum frá beitingu tiltekinna ákvæða reglu 13H. Í yfirlýsingu frá for-mennskuríki leiðtogaráðsins, Ítalíu, fyrir hönd Evrópu-sambandsins, sem var skráð í opinbera skýrslu sjávar-umhverfisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (MEPC-50), er látin í ljós pólitísk skuldbinding þess efnis að nýta ekki þessar undanþágur.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 417/2002 ⁽³⁾ er kveðið á um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi, sem mælt er fyrir um í alþjóðasamningnum um varmir gegn mengun frá skipum frá 1973, eins og honum var breytt með bókun frá 1978 þar að lútandi (MARPOL-samningurinn frá '73/'78), til að draga úr hættunni á olíumengun af slysi á hafsvæði Evrópu.

- 5) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 417/2002, getur skip, sem siglir undir fána aðildarríkis, sótt um undanþágu frá reglu 13H ef það er starfrækt utan hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu aðildarríkis en það uppfyllir þó samt ákvæði reglugerðar (EB) nr. 417/2002.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 229.⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 14. desember 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórtíðingnum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 22. mars 2007.⁽³⁾ Stjótið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2172/2004 (Stjótið. ESB L 371, 18.12.2004, bls. 26).

- 6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 417/2002 til samræmis við þetta.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 417/2002 komi eftirfarandi:

„3. Oliuflutningaskipi, sem flytur þunga olíu, er óheimilt að sigla undir fána aðildarríkis nema slíkt oliuflutningaskip hafi tvöfaldan byrðing.

Oliuflutningaskipi, sem flytur þunga olíu, er óheimilt að koma til eða fara frá höfnum eða endastöðvum undan strönd eða liggja við akkeri innan lögsögu aðildarríkis nema slíkt flutningaskip sé með tvöföldum byrðingi, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. apríl 2007.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. GLOSER

forseti.

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2008